

Rektor, forseti viðskiptafræðideildar og aðrir góðir gestir

Kæru styrkþegar, innilega til hamingju!

Það er mér heiður að fá að ávarpa ykkur á þessari samkomu og á þessum tímamótum í sögu Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands.

Á þessu ári eru 20 ár liðin frá því að forsvarsmenn deildarinnar stigu það merka skref að koma á meistaranámi í viðskiptafræði og stuðluðu þar með að hærra menntunarstigi og lögðu að mínu mati þungt lóð á vogarskálar öflugra og samkeppnishæfara atvinnulífs á Íslandi.

Þegar ég lít yfir sögu þess fjölbreytta meistaranáms sem nú er í boði við Viðskiptafræðideild má segja að forsenda þess að það hófst sé samstarfssamningur sem gerður var við Viðskiptaháskólann í Árósum og þátttaka deildarinnar á fundi í NOREK, nets viðskiptaháskóla á Norðurlöndum.

Ég held að mér sé óhætt að nefna sérstaklega, án þess að halla á nokkurn, að upphaf námsins hér megi rekja til þátttöku mikils hestamanns á þessum samnorræna fundi sem þá hafði nýlega hafið störf hjá deildinni og var við það að ljúka doktorsnámi í Kaupmannahöfn.

Það vildi svo vel til að á þessum sama fundi var líka annar hestamaður, Steen Lund Thomsen lektor við Viðskiptaháskólann í Árósum.

Einhvern veginn er það nú svo að þegar tveir menn hittast, hvor frá sínu landi og báðir eiga íslenska hesta, þá eðlilega taka þeir tal saman.

Til þess að gera langa sögu stutta þá varð úr að Steen Lund Thomsen bauð deildinni að nýta þá fyrirmynd að meistaranámi sem fyrir var í Árósum og í kjölfarið var samstarfi komið á milli skólanna, samstarf sem fól í sér að nemendur sóttu sérhæfingu sína til Árósa.

Þannig leiddu þessir tveir menn saman hesta sína og er það önnur megin ástæða þess að við erum hér samankomin í dag.

Það var svo árið 1997, eins og fram kom hjá rektor, að 17 nemendur hófu meistaranám við deildina og völdu flestir Stjórnun og stefnumótun sem sérsvið.

Fyrsti nemandinn sem brautskráðist með meistaragráðu frá deildinni var Magnús Ívar Guðfinnsson en hann lauk prófi í febrúar árið 1999. Fjórir aðrir luku prófi síðar sama ár.

Smátt og smátt fjölgaði nemendum og sérsviðunum líka.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur allt frá upphafi verið leiðandi í kennslu á meistarastigi. Á þeim 20 árum sem liðin eru hafa 1529 einstaklingar hlotið MA, MSc eða M.ACC gráðu frá deildinni og 463 lokið MBA gráðu, eða tæplega 2000 manns, sem sýnir að langstærsti hluti þeirra sem hafa meistaragráðu á sviði viðskiptafræði á Íslandi hafa öðlast menntun sína við deildina.

Sjá má á tölum yfir útskrifaða nemendur að margt hefur breyst frá þeim árum sem rektor kom inn á hér áðan, er hann vitnaði í Alexander Jóhannesson, þegar karlmenn voru allsráðandi í íslensku mennta- og viðskiptalífi.

Í dag eru konur í miklum meirihluta þeirra sem lokið hafa meistaragráðu frá deildinni, en tæplega tvöfalt fleiri konur hafa brautskráðst með meistaragráðu en karlar.

Af þeim 11 námsleiðum sem í boði eru innan deildar, ef ég undanskil hér MBA þá hefur mannauðsstjórnun verið vinsælasta línan en alls hafa 415 útskrifast með meistaragráðu í mannauðsstjórnun frá árinu 2002. Stjórnun og stefnumótun fylgir fast á eftir hvað vinsældir varðar, þá reikningsskil og endurskoðun en n.k. föstudag verður haldin ráðstefna við deildina sem ber yfirskriftina Nýir reikningsskilastaðlar og menntun. Þar verður því fagnað að 10 ár eru liðin frá því að meistarnám í reikningsskilum og endurskoðun hófst við deildina. Þá svaraði deildin kalli atvinnulífsins enn á ný, er hún hóf að bjóða meistarnám í verkefnastjórnun árið 2016 og í þjónustustjórnun fyrr á þessu ári.

Þótt í hugum okkar sé langt síðan að námið fór af stað þá stendur það einungis á tvítugu, er í raun jafngamalt nýnemum okkar í grunnámi í deildinni. Tuttugu ár í starfsemi háskóla eru í sjálfu sér ekki langur tími, og ef ég leyfi mér að setja hann í svolítið persónulegt samhengi og tengja meðal annars við áhuga minn á sjávarútvegi, þá voru í gær liðin 100 ár frá því að Reykjavíkurbær var tekin í notkun. Þá þurfti að ryðja brautir, eins og góður samstarfsmaður okkar Runólfur Smári Steinþórsson - doktorinn ungi frá árinu 1994 - átti svo ríkan þátt í að hér voru ruddar.

Forsenda hafnargerðarinnar var járnbraut sem lá frá Öskjuhlíð á hafnarsvæðið, og annar eimreiðarstjórinn var langafi minn, Óli Ó.Kærnested. Hann flutti grjót. Runólfur Smári þurfti að lyfta mörgum steinum – ég held ég megi segja, hann lyfti grettistaki í framhaldsmenntun í viðskiptafræði.

Ef við lítum enn til baka og nú tæp 50 ár er Dr. Gylfi Þ. Gíslason var menntamálaráðherra. Í ræðu frá þeim tíma sagði hann m.a. „...Menn gera sér í vaxandi mæli ljóst, að skólarnir eru einhverjar mikilvægustu stofnanir þjóðfélagsins. Ef þeir eru lélegir, verður þjóðfélagið ófullkomið. Ef þeir eru góðir, bætir það skilyrði til þess að lífað sé farsælu lífi.“

Þessi orð Gylfa Þ. Gíslasonar eru í raun sígild og tímalaus.

Þau eiga svo sannarlega við í dag og eru afar viðeigandi þegar litið er á þá þróun og þær framfarir sem orðið hafa í deildinni.

Sú mikla og góða breidd í meistaranámi sem Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands státar af er einsdæmi hér á landi. Deildin er afar öflug og nýtur mikillar virðingar, það þekki ég af eigin raun sem stjórnandi og stjórnarkona í íslensku atvinnulífi og erlendis s.l. 17 ár.

Með því að skapa þessa sterku umgjörð sem meistaranámið býður upp á og öflugt rannsóknarumhverfi, þá stuðlar það án efa að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni, að fjölbreyttara atvinnulífi og betri lífskjörum.

Megi okkur bera gæfa til viðhalda þeim árangri sem nú hefur náðst með fagmennsku, framsýni og samheldni.

Til hamingju öll!

Ásta Dís Óladóttir